



Borgarráð

Tillögur til að bæta öryggi enn frekar í sundlaugum Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur sem fram koma í meðfylgjandi minnisblaði til að bæta öryggi enn frekar í sundlaugum Reykjavíkurborgar. Menningar- og íþróttasviði verði falið að gera aðgerðaráætlun í nafni Guðna Péturs Guðnasonar og fylgja eftir í samráði við hlutaðeigandi aðila. Öryggisstjóra borgarinnar verði falið eftirlit með innleiðingunni og geri stöðuskýrslu árlega. Áætlað er að innleiðingunni verði lokið vorið 2026.

Greinargerð:

Þann 21. janúar 2021 lést ungur maður, Guðni Pétur Guðnason, stuðningsfulltrúi á velferðarsviði, í Sundhöll Reykjavíkur. Guðni Pétur var í vinnunni, í sundi með skjólstæðingi sínum sem bjó í búsetukjarnanum að Flókagötu. Foreldrar Guðna, þau Guðni Heiðar Guðnason og Sigrún Drífa Annieardóttir, funduðu með borgarstjóra og þáverandi sviðsstjóra velferðarsviðs í apríl 2022 þar sem m.a. var óskað eftir því að Reykjavíkurborg færi í umfangsmeiri aðgerðir þegar kemur að öryggismálum heldur en opinberir aðilar kveði á um í dag. Í kjölfar víðtæks samráðs eru lagðar fram tillögur til að bæta öryggi enn frekar í sundlaugum Reykjavíkurborgar í nafni Guðna Péturs, einnig að nafn hans verði tengt árlegri vitundarvakningu um öryggismál í sundlaugum borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað borgarritara með tillögum til að bæta öryggi enn frekar í sundlaugum Reykjavíkurborgar, dags.23.3.2023.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarstjóri

Sendandi: Borgarritari

Tillögur til að efla öryggi enn frekar í sundlaugum Reykjavíkurborgar

Lagðar eru fram eftirfarandi tillögur til að efla öryggi enn frekar í sundlaugum Reykjavíkurborgar og verður menningar- og íþróttasviði falið að gera aðgerðar- og kostnaðaráætlun og fylgja eftir. Gerð verði stöðuskýrslu árlega í samráði við öryggisstjóra sem mun sjá um eftirlit. Áætlað er að innleiðingunni verði lokið vorið 2026.

Viðmið 1 - *Að farið verði í umfangsmeiri aðgerðir heldur en opinberir aðilar kveði á um í dag, s.s. umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Vinnueftirlitið.*

Lagalegar kröfur:

Starfsemi sund- og baðstaða byggir á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010. Menningar- og íþróttasvið gerir öryggis- og heilbrigðisáætlun í samræmi við reglugerð 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og að baki henni sé samræmt áhættumat starfa á sundstöðum borgarinnar.

Tillögur til að efla öryggi umfram lagalegar kröfur sem byggir á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum:

1. Að menningar- og íþróttasvið endurskoði og uppfæri verklagsreglur um laugarvörslu þar sem aðstæður og eftirlit er erfiðara s.s. vegna óvirkni myndavélakerfa, mönnunar, veðurs, birtu, viðhalds eða annarra þátta sem geta haft áhrif á öryggi. Í því felst að rýmka ákvörðunarrétt forstöðumanna til að draga úr þjónustu, fjölda gesta og loka fyrr ef slíkt er talið nauðsynlegt til að tryggja aukið öryggi gesta. Meðal annars verði horft til þess í uppfærðum verklagsreglum að starfsmaður standi stanslaust við bakka sundlaugar þar til öryggi er tryggt og sett verði viðmið á sólríkum dögum til að skoða skyggni sundlaugavarða ofan í sundlaugar (LZVTI).
2. Að því verði fylgt fast eftir með öllum tiltækum ráðum að fyrirhugaðar endurbætur á Sundhöll Reykjavíkur taki mið af þeim öryggistengdu ábendingum sem komið hafa fram ef þær skarast á við húsafriðunarsjónarmið.
3. Að farið verði þróunarverkefni þar sem sundlaugar Reykjavíkurborgar bjóði gestum og starfsfólki upp á „Notendaborið aðvörðunarkerfi vegna drukknunar“ (e. User-worn drowning detection systems) sem er tæki sem notandinn ber á sér og gefur frá sér merki ef merki drukknunar verður vart. Skoðað verður hvort notkun slíks búnaðar verði skylda í sérstökum tilfellum eða í boði fyrir ákveðna hópa og/eða skv. ósk viðkomandi



og jafnvel gegn vægu gjaldi. Einnig er mælt með að fallvarnir verði rýndar nánar t.d. í búningsklefum, gufuböðum o.fl.

4. Að rýna virkni og gæði eftirlitsmyndakerfa í sundlaugum borgarinnar og þau metin í samráði við sérfræðinga á því sviði.

Tillögur til efla skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs í sundlaugum samkvæmt reglugerð 920/2006:

5. Að menningar- og íþróttasvið komi á reglulegum innri úttektum á öryggismálum sundstaða í samræmi við kröfur er falla undir Vinnueftirlitið en undirbúningur er farinn af stað. Þarna væri m.a. hægt að nota tíðni heimsókna Heilbrigðiseftirlits sem viðmið. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer í reglulegt eftirlit, þ.e. fjórum sinnum árlega í hverja laug. Vinnueftirlitið fer á u.þ.b. fjögurra til sex ára fresti í sundlaugar til þess að sinna eftirliti með aðbúnaði starfsfólks. Skv. skýrslu IER um efnið (2021) getur eftirlit og eftirfylgni Vinnueftirlits með sundlaugum ekki talist reglubundið eða markvisst.
6. Að flýtt verði reglulegri fræðslu meðal forstöðumanna- og stjórnenda sundlauga um vinnuvernd og öryggi á sundstöðum í samræmi við öryggisstefnu Reykjavíkur (liður 3a).
7. Að þróa skýrara verklag um forgangsröðun og áhættumat þeirra viðhalds- og endurbótaverkefna sem liggja fyrir hjá sundlaugum Reykjavíkur til skemmri og lengri tíma, með tilliti til öryggis starfsfólks og sundgesta og aldurs húsnaðis.
8. Að nýliðaferli fyrir starfsmenn sundlauga verði endurskoðað þar sem markmiðið er að stuðla stuðla að enn öflugra vinnuverndarstarfi og þar af leiðandi auknu öryggi gesta og starfsfólks m.a. með
 - mati á hæfni til starfsins verði endurskoðuð með auknar kröfur í huga og sérstaklega að þjálfun henti starfsfólki undir 25 ára.
 - endurskoðun á tímalengd námskeiða, próftaka viðhöfð til staðfestingar á skilningi efnis og þjálfu-kerfi í tiltekinn tíma eftir ráðningu.
9. Að skoðuð verði sérstaklega samþætting á öryggi gesta og starfsfólks í starfsemi sundlauga þar sem frekari samvirkni vinnuverndar er við öryggi gesta s.s. í forvörnum, umhverfinu og í viðbragðáætlunum. Samkvæmt öryggisstefnu Reykjavíkurborgar er unnið að áhættumati fyrir allar sundlaugar í Reykjavík.

Viðmið 2 – Farið verði í úrbótaferli í eftirfarandi þáttum sem koma að starfsemi borgarinnar í heild sinni:

10. Áfram verði unnið að samræmdu atvikaskráningakerfi á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs m.a. hjá sundlaugum borgarinnar m.t.t. atvika er snerta öryggi starfsfólks og að komið verði á atvikastjórnunarteymi innan sviðsins sem rýnir skráningar reglulega, kemur með tillögur að úrbótum og sinnir eftirfylgni þeirra.
11. Að gerður verði verkferill að samræmdu viðbrögðum Reykjavíkurborgar ef einhver úr starfslíði borgarinnar lætur lífið, ýmist við störf sín eða utan vinnu. Slíkur ferill er í undirbúningi hjá mannauðs- og starfsumhverfissviði fyrir alla Reykjavíkurborg.
12. Að gerður verði verkferill af mannauðs- og starfsumhverfissviði að samræmdu viðbrögðum Reykjavíkurborgar fyrir starfsfólk hvernig bregðast eigi við og taka eigi á móti aðstandendum þeirra aðila sem látast í mannvirkjum Reykjavíkurborgar, slasast alvarlega eða verða fyrir áföllum og annarri vanlíðan í tengslum við veru sína í byggingum borgarinnar. Í öryggishandbók um sund- og baðstaði sem Umhverfisstofnun gefur út og var endurskoðuð 2021 er kafli um slík viðbrögð en mikilvægt er að samræma þetta fyrir alla starfsstaði MÍT og aðra starfsstaði borginnar.



13. Að tryggt sé að sérkafla um öryggishönnun fyrir bæði gesti og starfsfólk sé gerður með hverri hönnun á nýrri sundlaug sem byggð er á vegum Reykjavíkurborgar eða þegar borgin kemur að rekstri sundlaugar í samstarfi við aðra. Umhverfis- og skipulagssvið vinni þetta í samráði við menningar- og íþróttasvið.

Viðmið 3 - Þegar ofangreindir þættir hafa verið ákveðnir verði farið í úrbótaáætlun í nafni Guðna Péturs og gert samkomulag við foreldrana sem verði opinbert. Tillögur að samkomulagi við foreldra Guðna Péturs:

14. Að samþykktar tillögur hér að ofan verði settar saman í aðgerðaráætlun í nafni Guðna Péturs.
15. Að nafn Guðna Péturs verði tengt árlegri vitundarvakningu um öryggismál í sundlaugum borgarinnar sem verði 21. janúar ár hvert. Menningar- og íþróttasvið undirbúi þetta í samstarfi við foreldra Guðna Péturs.

Greinargerð:

Forsaga

Þann 21. janúar 2021 lést ungur maður, Guðni Pétur Guðnason, stuðningsfulltrúi á velferðarsviði, í Sundhöll Reykjavíkur. Guðni Pétur var í vinnunni, í sundi með skjólstæðingi sínum sem bjó í búsetukjarnanum að Flókagötu. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafði atvikið í Sundhöll Reykjavíkur til rannsóknar. Hún leiddi í ljós að illa sást í botn laugarinnar í dýpri enda hennar þar sem viðkomandi fannst. Spegln á yfirborði laugarinnar frá útigluggum, staðsetning varðpósts sundlaugarvarða og möguleg óhreinindi í sundlaugarvatni voru talin meðal ástæðna þess að illa sást í botn dýpri enda laugarinnar. Engar framkvæmdir voru í gangi í Sundhöll Reykjavíkur á þessum tíma.

Foreldrar Guðna, þau Guðni Heiðar Guðnason og Sigrún Drífa Annieardóttir, óskuðu eftir fundi með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Regínu Ásvaldsdóttur þáverandi sviðsstjóra velferðarsviðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 1. apríl 2022. Auk Heiðars og Sigrúnar var Páll Ágúst Ólafsson lögmaður, talsmaður hjónanna, viðstaddur fundinn.

Fram kom að ósk foreldranna er eftirfarandi:

1. Reykjavíkurborg taki forystu í öryggismálum sundlauga og láti gera úttekt sem taki til allra þátta, s.s. búnaðar og starfsmannamála.
2. Að farið verði í umfangsmeiri aðgerðir heldur en opinberir aðilar kveði á um í dag, s.s. umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Vinnueftirlitið.
3. Þegar greining liggja fyrir verði farið í úrbótaáætlun í nafni Guðna Péturs og það verði gert samkomulag við foreldrana sem verði opinbert.
4. Gera eitthvað minningartengt með heimilisfólki og starfsmönnum á Flókagötu, s.s. tengt ræktun en Guðni Pétur hafði tekið frumkvæði í matjurtaræktun á staðnum.



Borgarritara var falið að fylgja málinu eftir, afla gagna og leggja fram tillögur sem stuðla að auknu öryggi í sundlaugum Reykjavíkurborgar. Fundað var m.a. með stjórnendum íþrótt- og tómsfundasviðs 19. apríl 2022 (sviðið hefur verið sameinað menningar- og ferðamálasviði og heitir nú menningar- og íþróttasvið, skammastafað MÍ), Hafþóri B. Guðmundssyni lektor við íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands 19. apríl, skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds á umhverfis- og skipulagssviði og öryggisstjóra Reykjavíkurborgar 23. ágúst s.l. Jafnframt var fundað með Innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar vegna athugunar á öryggismálum sundlauga Reykjavíkurborgar. Einnig hefur verið leitað til fleiri aðila innan borgarkerfisins með þekkingu á málefnum og öryggismálum almennt. Öryggisstjóri Reykjavíkurborgar, öryggisstjóri MÍ ásamt fleirum hafa komið að gerð umbótatillagna ásamt fleirum. Þegar fyrstu drög að minnisblaðinu lágu fyrir var fundað þann 6. október s.l. með foreldrum hins látna, Guðna Heiðari Guðnasyni og Sigrúnu Drífu Annieardóttir ásamt Páli Ágústi Ólafssyni lögmanni. Á fundinum komu fram góðar ábendingar sem unnið var með í kjölfarið m.a. í samráði við MÍ, öryggisstjóra og fleiri aðila innan borgarinnar. Þegar nýr sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs kom til starfa 1. janúar 2023, var farið yfir málið með honum og haft var samráð við öryggisstjóra sviðsins. Í kjölfar alls þessa samráðs komu fram ýmsar ábendingar og var minnisblaðið uppfært. Í millitíðinni hafa ýmsir ferlar og verkefni sem snúa að öryggismálum verið unnir frá grunni eða uppfærðir.

Öryggisstefna Reykjavíkurborgar

Stórt skref var stigið í öryggismálum í mars 2022 þegar sérstök [öryggisstefna Reykjavíkurborgar](#) var samþykkt eftir vandaða vinnu og samráðsferli.

Meginmarkmið öryggisstefnunnar er að;

1. Komið sé á virku öryggisstjórnunarkerfi innan Reykjavíkurborgar þannig að stjórnskipulagið verði virkara og skýrara, m.a. með endurskoðuðum fjölda öryggisvarða.
2. Komið sé á samræmdum öryggis- og heilbrigðisáætlunum, þ.m.t. áhættumatsgerð ásamt miðlægri slysa- og atvikaskráningu, með skilgreindum viðbrögðum og eftirfylgni.
3. Stuðningur, vitundarvakning og fræðsla stjórnenda og starfsfólks sé tryggð.
4. Innleiða áætlun um forvarnir og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki hjá Reykjavíkurborg.

Unnið er markvisst að því að framfylgja því sem fram kemur í lögum og reglugerðum, markmiðum Öryggisstefnunnar og öllum þeim verkferlum sem borgin setur um þjálfun starfsmanna m.a. nýrra starfsmanna.

Umfang og rekstur

Leiðarljós menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar er að skapa borgarbúum og ferðamönnum jákvæða umgjörð til íþrótt- og tómsfundaiðkunar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.



Reykjavíkurborg rekur átta sundlaugar. Þær eru Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Dalslaug, Grafarvogslaug, Klébergslaug, Laugardalslaug, Sundöll Reykjavíkur og Vesturbæjarlaug. Sameiginleg sundlaug með Kópavogsbæ í Fossvogsdal er í undirbúningi og aðrar á áætlun. Aðsókn á sundstaði Reykjavíkur hefur aukist um 20% síðastliðinn áratug sé tekið mið af 2019, þ.e. síðasta heila árinu áður en Covid faraldurinn skall á. Aðsókn 2019 var um 2,3 milljónir gesta og rekstrarframlag Reykjavíkurborgar þetta sama ár var rúmir 1,7 milljarðar króna.

Í öllum sundlaugum Reykjavíkurborgar eru eftirlitskerfi til að auka öryggi og bæta eftirlit með myndavélum og skjái sem laugarvörður í turni vaktar samkvæmt reglugerð, þar á meðal í Sundhöll Reykjavíkur. Framleiðandi myndavélakerfis í Sundhöll Reykjavíkur er Swimeye (<https://swimeye.com/>) en Sportis er söluaðili kerfisins hér á landi. Kerfið var sett upp 2018 eftir að útilaugin opnaði og gestakomur í sundlaugina fjórfölduðust. Ákveðið var að setja þetta upp í innilauginni til að laugarvörður í turni hefði betri sýn yfir innilaugina. Þetta kerfi er notað víða, m.a. í Noregi. Kerfið er notað á sambærilegan hátt og önnur myndavélakerfi í sundlaugunum til að aðstoða laugarvörð sem vaktar svæðið.

Andlát í íslenskum sundlaugum hafa verið fátíð en ekki virðist vera til heildstæð úttekt á þeim. Í sinni úttekt 2020 og 2021 notaði Innri endurskoðandi leitarvél á íslensk tímarit og fjölmiðla um andlát í sundlaugum sl. 20 ár líkt og voru skráð 25 tilvik á öllu landinu, þar af 19 nærdrukknanir þar sem endurlífgun tókst og af þeim voru þrjár í sundlaugum Reykjavíkur. Sex andlát í sundlaugum urðu á þessu 20 ára tímabili, þar af eitt í sundlaug í Reykjavík. Frá úttekt Innri endurskoðunar hafa þrjú andlát orðið í sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu, þar af eitt atvik í Breiðholtslaug í desember s.l.

Eftirlit

Starfsemi sund- og baðstaða byggir á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010. Í Reykjavík hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, eftirlit með því að í sundlaugum Reykjavíkurborgar sé farið að ákvæðum reglugerðar. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfisskilyrði á grundvelli laga og reglugerðar en heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlitið og byggingafulltrúar sjá um eftirlit og framfylgd.

Aðilar frá heilbrigðiseftirliti koma reglulega í heimsóknir og eiga að koma fjórum sinnum á ári í hverja sundlaug og kanna m.a. hvort reglugerð Umhverfisstofnunar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum sé framfylgt.

Vinnueftirlitið er eftirlitsaðili með aðbúnaði starfsmanna og gerir kröfu um að til staðar sé áætlun um öryggi og heilbrigði starfsmanna og sú áætlun felur m.a. í sér áhættumat starfa. Slík áætlun er til fyrir starfsmenn Sundhallar Reykjavíkur. Vinnueftirlitið kemur ekki í reglulegar heimsóknir en kallar eftir áhættumati og kemur á staðinn sé þess óskað eða ef um alvarleg vinnuslys er að ræða.

Menningar- og íþróttasvið skipuleggur lögbundna fræðslu til að styrkja sína starfsmenn enn frekar í sínum störfum og er sú fræðsla í formi fyrirlestra og verklegra æfinga. Vaktstjórar stjórna auk þess neyðaræfingum sem haldnar eru mánaðarlega (samkvæmt starfslýsingu) þar sem farið er yfir alla verkferla, búnað og fleira en þær æfingar eru umfram lögskylda fræðslu skv. reglugerð.



Ytri viðmið þegar kemur að öryggi á sundstöðum eru m.a. handbók fyrir sund- og baðstaði útgefið af Umhverfisstofnun, öryggishandbók Umhverfisstofnunar fyrir sund- og baðstaði 2013/2021, reglugerð 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög 160/2010 um mannvirki og lög 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Innri viðmið menningar- og íþróttasviðs eru áhættumat sundstaða, viðbragðsáætlun sundstaða, neyðaráætlun sundstaða, öryggisreglur sundstaða, starfslýsingar starfsmanna sundlauga og starfsleyfi sundstaðanna.

Í þessu samhengi er bent á mikilvægi þess að starfslýsingar þurfa að vera í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum sund- og baðstaða.

Athugun á öryggismálum sundlauga Reykjavíkurborgar

Í gildandi endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar hjá Reykjavíkurborg, sem samþykkt var á fundi endurskoðunarnefndar þann 8. janúar 2020, var gert ráð fyrir athugun á öryggismálum sundlauga. Sundlaugar eru ein af þeim starfsstöðvum Reykjavíkurborgar sem skora hátt í áhættumati Innri endurskoðunar og ráðgjafar í ljósi viðkvæmni þjónustunnar þar sem hætta er á drukknun, slysum og brotum á friðhelgi einkalífs.

Áður en þetta hörmulega atvik varð í Sundhöllinni var nýlega hafin úttekt hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf á öryggismálum í sundlaugum í samræmi við fyrrgreinda endurskoðunaráætlun. Lokaskýrsla Innri endurskoðunar og ráðgjafar var lögð fyrir menningar-, Íþrótt- og tómstundaráð þann 11. október 2021 og kynnt þar af fulltrúum Innri endurskoðunar og ráðgjafar. Markmiðið með úttektinni var að yfirfara fyrirkomulag og virkni innra eftirlits sem ætlað er að hámarka öryggi gesta í sundlaugum Reykjavíkurborgar.

Afmörkun úttektarinnar miðaðist við að varpa ljósi á eftirfarandi atriði:

- Starfsleyfi og viðbrögð við úttektum eftirlitsaðila
- Áhættumat og áhættugreiningar
- Neyðaráætlun, viðbragðsáætlun og öryggisreglur
- Þjálfun starfsmanna
- Persónuvernd – aðgengi að eftirlitsmyndavélum
- Laugargæsla
- Öryggisbúnaður og aðgangur gesta að þeim
- Skráning slysa / atvika

Helstu niðurstöður samkvæmt skýrslu Innri endurskoðunar og ráðgjafar voru:

1. Almennt eru öryggismál sundlauga í góðu horfi og uppfylla þau skilyrði sem reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum kveður á um. Forstöðumenn og starfsmenn sundlauga eru vakandi yfir hættum sem ógnað geta öryggi sundgesta, bæði varðandi húsnæði, búnað, heilnæmi vatns, þjálfun og hæfni starfsmanna.
2. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur virkt og reglulegt eftirlit með starfsleyfisskilyrðum sundlauga a.m.k. fjórum sinnum á ári. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með öryggi starfsmanna en langur tími líður á milli eftirlitsferða og kröfu Vinnueftirlitsins um gerð áhættumats starfa ekki fylgt nægilega eftir.



3. Allar sundlaugar uppfylla kröfur reglugerðar um viðbragðs- og neyðaráætlanir. Samræma þarf eins og kostur er áætlanir milli sundstaða. Taka þarf upp reglubundnar æfingar á viðbragðs- og neyðaráætlunum á öllum vöktum.
4. Hraða þarf vinnu við áhættumat starfa og starfsfólks hjá sundlaugunum og flokka gátlista til grundvallar áhættumati gesta eftir æskilegri tíðni skoðunar, þ.e. hvort um daglega, mánaðarlega eða árlega skoðun er að ræða.
5. Lögbundin fræðsla og þjálfun starfsfólks ásamt hæfnisprófi laugarvarða er í góðu horfi.
6. Slysaskráningar eru gerðar en nauðsynlegt er að samræma skráningar og skrásetja verklagsreglu um þær. Engin frekari úrvinnsla fer fram á slysaskráningum en slík vinnsla getur haft mikilvægt forvarngildi. Innri endurskoðun og ráðgjöf gerði ítarlega athugun og greiningu á skráningum þannig að hægt er að greina m.a. tíðni, tegundir og ástæður slysa. Skráð slys í hlutfalli við aðsóknartölur eru mjög fá, eða 0,06 prómill að meðaltali á 24 mánaða tímabili.
7. Mikilvægt er að halda dagbók um atvik sem varða öryggi, tækjabilanir, myndavélakerfi og neyðarkerfi og einnig ef hegðunarvandi eða ógnandi framkoma kemur ítrekað upp þannig að yfirsýn fáiast yfir þessa atburði og þær ráðstafanir sem gerðar eru.

Ábendingar og úrbætur

Í skýrslunni eru settar fram þrettán ábendingar, þar af eru sjö metnar á gulu áhættustigi og sex á appelsínugulu. Þá eru skilgreind þrjú frávik sem varða Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit og Vinnueftirlitið og því ekki á forræði menningar- og íþróttasviðs að gera úrbætur. Stjórnendur sviðsins settu fram tímasetta aðgerðaráætlun um aðgerðir til að bregðast við ábendingum Innri endurskoðunar og ráðgjafar.

Í samræmi við ákvæði alþjóðlegra staðla um innri endurskoðun hefur Innri endurskoðun og ráðgjöf fylgt eftir ábendingum til menningar- og íþróttasviðs í fyrirliggjandi úrbótaáætlun. Staðan er sú að sviðið hefur brugðist við 11 af 13 ábendingum, þeim er annað hvort lokið eða í ferli.

Staðan á úrbótaáætluninni er eftirfarandi:



Úrbætur vegna öryggismála sundlauga Reykjavíkur						
Abending	Úrbætur	Tímasett áætlun	Staðan 01.10 2021	Staðan 14.01 2022	Staðan 02.03 2022	Staðan 22.08.2022
1. Slysaskýrslur	Búið að tala við "starfrænan fulltrúa" ÍTR. Til kerfi á öðrum sviðum sem við ætlum að kynna okkur. Þar til kerfið verður tilbúið þurfum við að finna verklag eins og að slysaskýrslur séu skannaðar inn og sendar á einhverjum einni aðila sem sér um að flokka. Fræðsla við útfyllingu slysa- og atvikaskráningar verður hluti af neyðaræfingum.	einhverj mynd desember 2021	28.09.21 Atvikakerfi hjá VÉL skoðað. Gæti hentað vel þar til kerfið sem verður að vinna að verður tilbúið. Skoðum áfram.	14.01.2022 Erum ekki komin með atvikakerfi sem heldur utanum þetta. Höfum kallað eftir öllum sjúkarskýrslum 2021 og að hefjast vinna við að flokka slys. Þegar hlöðun verður komin munu skýrslur vera vistaðar þar.	02.03.2022 Kom í ferli sem við munum viðhalta þar til nýtt skýringakerfi verður þessi í notkun hjá borginni. Slysaskýrslur settar í mógpu á samningi undir öryggismál. Öryggisgjafi skráir og flokkar slys. Tölur verður svo kynnt fyrir forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sundlauga. Með þessari upplýsing er hægt að vinna betra forvarnarskipt og reyna með því að fækka slysum.	Áfram verður kallað eftir skýrslum úr laugum og þær flokkaðar þar til nýtt atvikakerfi verður tekið í notkun hjá borginni.
2. Starfsýsingar	Mannauddeldi skoðar / Gunnar	lok september 2021	27.09.21. Yfirferð á starfsýsingu vaktstjóra lok. Vaktstjóri þarf að hafa lokið skemmdiráðgjafi og verklegri og stjórnum úr laug og eskillegt að hafa lokið hæfnisprófi. Með svo að mikilvægra sé að hafa góðan stjórnaðar fremur en góðan sundmann ef velja þarf á milli. Skoðað hvort þeir vaktstjórar sem standast hæfnisprófi fái	LOKID		
3. Vinnsluskrár	Auður komin með gögnin og er að lesa yfir og laga. Munum einnig fá Jóhönnu að borðinu að klára það.	lok september 2021	30.09.21 Búið er að taka tillit til lífendanna persónuverndarfulltrúa og senda á henni hvort sé fullnægjandi.	LOKID		
4. Áhættumat starfa og gesta	Búið í Grafarvogslaug - komin með grindina þarf að ákveða framhaldið. Laugarðalslaug byrjuð.	Vor 2022	30.09.21 Áhættumat lok. Hjú Grafarvogslaug. Búið að eiga fund með vinnufléttu varðandi úrbætur. Áhættumat í Laugarðalslaug tilbúið til yfirlestrar og áhættumat fyrir Sundhöll í vinnslu.	14.01.2022 Áhættumat hjá Laugarðalslaug og Sundhöll lok. Vinna við áhættumat hjá öðrum laugum að hefjast.	02.03.2022 Öryggisnefnd Reykjavíkurborgar hefur fundað reglulega og komin er drög að öryggisáætlun borgarinnar sem á eftir að samþykka. Öryggisgjafi borgarinnar er ÍTR innan handar með gerð áhættumats og er stefnan að klára á þeim stöðum sem ekki hafa lokið áhættumati á næstu mánuðum.	15.8.2022 Stefnt er að því að búið sé að klára áhættumat starfa hjá öllum starfstöðum ÍTR ekki víðar en um áramót 2022/23.
5. Dagbókaskráningar	Taka skal upp skráningu í dagbók sundlaugar um öll þau atvik sem ógnað geta öryggi gesta og starfsfólks hverju sinni. Dæmi um dagbókarskráningu eru slysaádrifur, tækjablaðir, viðhaldsbeiðni, viðgerðir, hegðunarvandamál og óvæntar uppkomur. Þannig geta bæði vaktstjóri sem kemur á vakt og forstöðumaður verið meðvitárir um atburði dagsins sem nauðsynlegt er að vita um.	Með einhverjum hætti Vor 2022				Tæknimenn sundlaugganna eru með skráningar í Teams og halda utanum allar blaðir og hvernig brugðist er við þeim. Í vinnslu að útfæra það hvernig best er að koma skráningum á skráningu. Í dag er notast við töstúffur í laugum sem starfsmenn eru daglegi að skera á og skoða. Auk þess eru eyðublað fyrir atvik sem koma upp önnur en slys t.d. hegðun gesta og óvæntar uppkomur. Vonast er til að hags verði að nota atvikaskráningakerfi sem væntanlegt er fyrir þessar skráningar.
6. Æfingar á viðbráðs- og neyðarætlunum	Legg til að haldið verði fundur með vaktstjórum og farð yfir þessi mál með þeim. Þeir munu halda útánum hluta af neyðaræfingum og 2-3 ári kemur utanáðkomandi aðli. Verklegrar æfingar hjá Oddi teljast þar með.	lok september 2021	30.09.21 Verið er að vinna áætlun sem verður lagð fyrir forstöðumönnum 6. október og í framhaldi 13. október farð yfir það með vaktstjórum. Áætlað að reglubundnar neyðaræfingar samkvæmt nýrri áætlun hefjist í lok október.	14.01.2022. Búið að vinna verklag vegna neyðaræfinga í laugum. Í gangi heimsóknir í laugarnar til að fylgja eftir og ætti heimsóknum að vera lok. Lok januar. Vaktstjóri haldið snar æfingar og neyðar æfingar hafa verið haldnar af sjúkraflytingamanni og búið að skipuleggja fleiri.		15.8.2022 Heimsókn á allar vaktir lauk í vor og eru neyðaræfingar komnar flertí. Auk þess hefur sjúkraflytingamaður heimsókt allar laugar og verið með afningar s.l. vetur (en þær æfingar eru umframt regluþró). Þvíþvert er að skipuleggja næstu heimsóknir hans í allar laugar sem verða í vetur. Búið er að fjárfeta í æfingatekjum (þjartarútbúnaði og öðrum) sem vaktstjórar geta notað við æfingar. LOKID en verður fylgt eftir áfram.
7. Fjöldi gesta í laug hverju sinni	Mikilvægt er að aðgangskerfi sundlauga geti sagt til um fjölda gesta í laug hverju sinni. Skoðað þar möguleika á því að kerfið telji einnig gesti út úr laug	November 2021			LOKID	
8. Samræma verkýsingar um laugarvörslu	Ekki er nægjanlegt samræmi milli verkýsinga um laugarvörslu hjá sundlaugum. Brynt er að verkýsing sé samræmdar eins og við verður komið og að þær séu reglulega uppfærðar miðað við breytingar sem gerðar hafa verið.	lok september 2021	24.09.21 Búið að gera tillögu að nýjum verkýsingum og verður brynt forstöðumönnum til umfjöllunar 6. október og í framhaldi vaktstjórnum eða	LOKID		
9. Áhættumat vegna sundgesta	Yfirferð gáttista vegna áhættumats fyrir sundgesti þarf að vera með reglubundnari hætti en verði hefur og lagt er til að áhættumatinu verði skipt um með þeim hætti að regluleg / mánaðarleg / árleg skoðun fari fram innan ársins og þau atríði sem þarf nast daglegar skoðun sé hluti af daglegum gáttista starfsmanna. Slysa- og atvikaskráningar skal nota til stuðnings áhættumati. Dagssetja skal skoðun og setja næstu skoðun og aðgerðir til úrbóta á áætlun, þannig að rektanlegt sé hvernig áhættumati er háttáð með tilliti til tíðni og skoðunaratriða.	lok árs 2021	Ætti þetta að vera Umhverfisstofnun að sinna og senda út leiðbeiningar varðandi það?	14.01.2022. Búið að skoða og flokkum byrjuð.		15.08.2022 Umnið hefur verið áhættumat gesta fyrir allar laugar líkt og reglugerð sagði til um. Nánar flokkun sem farð er í vinnu á í skýrslu hefur ekki verið klárað en séu fram á er hafin.
10. Uppfæra neyðar- og viðbráðsáætlanir	Uppfæra þarf neyðar- og viðbráðsáætlanir með reglubundnum hætti. Samræma má eins og kostur er áætlunir milli sundstaða, þannig að tryggj sé að allar nauðsynlegir þættir séu tilteknir í áætlun		30.09.21 Komin drög að nýjum og samræmdum neyðarætlunum. Kynnt fyrir forstöðumönnum 6. október og vaktstjórum 13. október.	LOKID		
11. Öryggisnefnd	Öryggisnefnd ÍTR setji sér starfsáætlun og skráir fundargerðir í samræmi við vandaða stjórnsýslu	Komið í farveg	28.09.21 Öryggisnefnd hefur haldið einn fund og fulltrúi farð í byrningu hjá verkefnastjóra öryggismála hjá Reykjavíkurborg. Í framhaldi farð í að taka saman nafn á öllum öryggisviðum og öryggisstjórnarmönnum ÍTR.	14.01.2022 Búið að boða annan fund Öryggisnefnd ÍTR og mun verkefnastjóri öryggismála hjá Reykjavíkurborg sitja þann fund og vera nefndinni innan handar í þeim verkefnum sem henni ber að sinna.	18.01 Fundur í öryggisnefnd ÍTR. Eyðir viðbúnað öryggisáætlungu hjá Reykjavíkurborg er starfræddur nefndarinnar og mun skrifa fundargerðir.	Fylgjad verður um þrjú öryggisnefnd í haust.
12. Viðbráðsáætlun vegna alvarlegra slysa	Viðbráðsáætlun vegna alvarlegra slysa í sundlaugum þarf að vera til staðar á miðlægrri skrifstofu ÍTR sem miðar að því að tekið verði heildstætt á málum og forstöðumanni og öðru starfsfólki veittur nauðsynlegur stuðningur strax eftir að slys verður.	lok árs 2021		14.01.2022 Þessi vinna er á lokametrunum og ætti að klárast í fundi 18.01.2022	09.02.2022 Viðbráðsáætlun tilbúin og hefur verið kynnt forstöðumönnum sundstaða og starfsmönnum á skrifstofu ÍTR til umsagnar.	LOKID
13. Þróað verði verklag um forgangsroðun og áhættumat þeirra viðhalds- og endurbótaverkefna	Þróað verði verklag um forgangsroðun og áhættumat þeirra viðhalds- og endurbótaverkefna sem liggja fyrir hjá sundlaugum Reykjavíkur til skemmrí og lengri tíma, með tilliti til öryggis starfsmanna og sundgesta og aldurs húsneðs	Vor 2022				Ekki komið til framkvæmda. Þarf að vinna með Umhverfi- og skipuleggisvæðing.



Sundhöll Reykjavíkur

Sundhöll Reykjavíkur var vígð 1937. Ný útilaug var opnuð 2017 og jafnframt voru gerðar breytingar á Sundhöllinni sem sneru að aðgengi, nýju rými fyrir vöktun, færslu á aðalafgreiðslu og steypiböð karla voru endurgerð. Síðan þá er búið að lagfæra búningsskápa beggja kynja í hópklefum og endurgerð á steypiböðum kvenna.

Árið 2021 voru gerðar ástandsskoðanir á innilauginni sem sýna að ástandið hefur versnað til muna. Til að halda innilauginni starfhæfri þarf að ráðast í gagngera endurgerð laugarkersins ásamt aðliggjandi gólfi laugarinnar. Til að þetta sé mögulegt þá þarf að stækka tæknirýmið til að uppfylla nútímakröfur um lagna- og tæknikerfi sundlauga. Þá er krafa um að í salnum verði aðstaða fyrir laugarvörð þar sem hann geti sinnt gæslu ótruflaður og haft góða yfirsýn yfir alla laugina en í dag er slík aðstaða ekki fyrir hendi. Undirbúningur vegna endurbóta á Sundhöll Reykjavíkur er hafin. Ráðgert er að í það fari um einn milljarður króna á næstu fjórum árum. Tilgangur framkvæmdanna er m.a. að auka enn frekar öryggi gesta hvað varðar húsnæði, búnað, heilnæmi vatns og aðbúnað starfsmanna. Markmiðið er að færa bygginguna sem næst upprunalegri mynd og uppfylla ákvæði reglugerða s.s. öryggismál, brunavarnir o.fl. þannig að hönnunin falli sem best að upprunalegum byggingarstíl Sundhallarinnar. Saman tekið þá eru helstu verkþættir endurgerð aðstaða fyrir laugarvörð, endurgerð laugarkers og aðliggjandi sundlaugabakka, skipting í tvær laugar, stækkun tæknirýmis og lyfta ofan í laug fyrir fólk með hreyfihömlun.


Í dag er innilaugin 33 m x 9,85 m að stærð, með fjórum brautum og jafnmörgum ráspöllum. Búið er að skipta lauginni í tvo hluta með léttu skilrúmi og er grynri endinn notaður m.a. fyrir sundkennslu skólabarna. Dýpri hlutinn er 25 m frá sundlaugabakka að skilrúminu og grynri um 7,1 m. Í dag er 25 m laugin 1,4 m djúp þar sem hún er grynnt og 3,5 m þar sem hún er dýpst og hentar því bara fullsyndum. Stökkbrettin eru mikið notuð þegar þau eru opin en það er eingöngu á ákveðnum auglýstum tímum því ekki er hægt að synda og stunda dýfingar á sama tíma vegna slyshættu. Að auki er töluverð ásókn í að vera með kennslu í köfun í dýpsta hlutanum sem veldur einnig truflun fyrir aðra sundlaugargesti. Samkvæmt nýjustu tillögum er lagt til að innilauginni verði skipt upp í tvær laugar með steypu gólfi á milli þeirra. Annars vegar 12 m x 10 m x 3,7 m lendingarlaug fyrir dýfingar af stökkbrettum og hins vegar 20 m x 10 m sundlaug með fjórum breiðum brautum sem yrði grynnt 0,9 m og dýpst 1,5 m. Þessar dýptir henta fleirum og býður upp á fjölbreyttari notkun en í dag og ættu að stuðla að meira öryggi. Auk þess yrði betri nýting á dýfingarlauginni án þess að trufla aðra sundlaugargesti. Núverandi aðstaða laugarvarðar við bakka er ekki eins og best verður á kosið. Lagt er til að vaktrými verði





staðsett við laugarbakka inn í einu bogadregnu gluggaopi. Gerðar eru athugasemdir við þessa tillögu því hún tryggir ekki nógu vel að sundlaugavörður geti haft nógu góða yfirsýn yfir sundlaugarsalinn, staðsetning má aldrei vera á kostnað öryggis og eftirlits.

Skýringarmyndin hér að neðan sýnir núverandi megin hugmynd og staðsetningu en ekki endanlegt útlit. Í þessu samhengi er rétt að benda á að fram komu ábendingar á fundi borgarrítara með skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds á umhverfis- og skipulagssviði og öryggisstjóra borgarinnar um mikilvægi þess við hönnun á endurbótum á aðstöðu fyrir sundlaugaverði sé í forgangi að sundlaugarvörður á vakt hafi mjög góða yfirsýn yfir sundlaugina. Líklegt er að þessi hönnun sé ekki til þess fallin að auka yfirsýn því sundlaugarvörður sem situr í stól á sundlaugarbakka hefur varla góða yfirsýn yfir allan botn sundlaugarkarsins. Einnig kom fram að við undirbúning, hönnun, byggingu og viðhald sundlaugarmannvirkja í eigu Reykjavíkurborgar sé mikilvægt að öryggismál séu í forgangi m.a. á sundlaugarbakka til að koma í veg fyrir slys. Aðgengismál og öryggi starfsfólks þarf einnig að vera í forgrunni.



Hugmyndir um endurbætur á aðstöðu sundlaugarvarða í Sundhöll Reykjavíkur. Meta þarf þessar hugmyndir út frá öryggismálum því ólíklegt er að yfirsýn sundlaugarvarða sé nógu góð með þessari útfærslu.

Endurbætur og uppbygging í öðrum sundlaugum

Framundan er endurgerð Laugardalslaugar og var efnt til [tveggja brepa hönnunar- og framkvæmdasamkeppni](#) meðal fagaðila um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja samkvæmt samkeppnislýsingu. Íbúum gafst kostur á að koma á framfæri sínum hugmyndum á [Betri Reykjavík](#), í tölvupósti og skila inn hugmynd í hugmyndakassa sem staðsettur var í Laugardalslaug. Í samkeppnislýsingu koma fram skýrar ábendingar í samráðsferlinu mikilvægi öryggis og þau ættu að vera leiðarljós í allri hönnun.

Frekari uppbygging og endurbætur á sundlaugum Reykjavíkurborgar eru fyrirhugaðar. Þar má nefna nýja sundlaug í Fossvogsdal í samstarfi við Kópavogsbæ. Einnig ný sundlaug í nýju íbúahverfi á Ártúnshöfða. Samkvæmt fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir 400 m.kr. viðhaldi á



næstu þremur árum og eru þær framkvæmdir til viðbótar við hefðbundnar viðhaldsframkvæmdir.

Staðan

Í samræmi við beiðni foreldra Guðna Péturs til Reykjavíkurborgar á fundi með borgarstjóra, sem eru í fjórum liðum í inngangi þessarar samantektar, þá var farið yfir þær með sviðsstjórum MÍ og VEL. Staðan er eftirfarandi:

Tillögur	Staðan
1. Reykjavíkurborg taki forystu í öryggismálum sundlauga og láti gera úttekt sem taki til allra þátta, s.s. búnaðar og starfsmannamála.	<i>Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur framkvæmt ítarlegra úttekt á öryggismálum sundlauga Reykjavíkurborgar sem var hafin áður en hið hörmulega atvik átti sér stað. Menningar- og íþróttasvið vinnur samkvæmt meðfylgjandi úrbótaáætlun þar sem Reykjavíkurborg er leiðandi í öryggismálum.</i>
2. Að farið verði í umfangsmeiri aðgerðir heldur en opinberir aðilar kveði á um í dag, s.s. umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Vinnueftirlitið.	<i>Lögbundin fræðsla og þjálfun starfsfólks ásamt hæfnisprófi laugarvarða er í góðu horfi samkvæmt skýrslu IE. Samkvæmt MÍ er unnið eftir þeim reglum um lögbundna fræðslu og þjálfun starfsmanna og hefur verið gengið lengra heldur en reglugerðir segja til um, m.a með mánaðarlegum æfingum undir stjórn vaktstjóra og neyðaræfingum 2x á ári undir stjórn sjúkraflutningamanna. Mannauðsskrifstofa MÍ heldur utan um skráningu á námskeiðunum. Unnið er í samstarfi við stjórnendur og starfsmenn að þessum málum. Allir starfsmenn á vakt eru með talstöðvar sem öryggistæki og símar eru ekki leyfðir við vaktstörf. Fyrir liggja tillögur í þessu minnisblaði sem taka mið af umfangsmeiri öryggisaðgerðum en opinberir aðilar kveða á um í dag þar sem Reykjavíkurborg er leiðandi í öryggismálum.</i>
3. Þegar greining liggja fyrir verði farið í úrbótaáætlun í nafni Guðna Péturs og það verði gert samkomulag við foreldrana sem verði opinbert.	<i>Unnið er samkvæmt úrbótaáætlun eftir úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar. Unnið verði að úrbótum í samræmi við tillögur þessa minnisblaðs.</i>
4. Gera eitthvað minningartengt með heimilisfólki og starfsmönnum á Flókagötu, s.s. tengt ræktun en Guðni Pétur hafði tekið frumkvæði í matjurtaræktun á staðnum.	<i>Er í undirbúningi á vegum velferðarsviðs í samráði við foreldra Guðna Péturs. Komið verði upp gróðurhúsi ásamt minningarskildi um Guðna Pétur. Verði lokið sumarið 2023.</i>